

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 302. fundur

Föstudaginn 12. apríl 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Helga Ingólfssdóttir (HI) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Efling almenningssamgangna
2. Stefnumótun
3. Vagnaútboð
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks
5. Markaðsmál - grár dagur
6. Ársfundur Strætó 2019
7. Önnur mál

### Tekið fyrir:

#### 1. Efling almenningssamgangna

Áframhaldandi umræða, frá fundi stjórnar 12. október 2018, um skýrslu og aðgerðaáætlun sem Mannvit vann í samstarfi við starfsmenn Strætó um það hvernig helst má efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Í skýrslunni kom meðal annars fram að til að hægt verði að ná betri árangri í að fjölga þeim sem kjósa að nota vistvænnar samgöngur eins og t.d. Strætó, þarf að koma til markvissara samráð á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Strætó og annarra hagsmunaaðila. Í skýrslunni var lagt til að stofnaður yrði faghópur um leiðakerfisbreytingar.

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Benediktsdóttir, sérfræðingar á skipulagssviði Strætó, komu á fundinn og fóru yfir stofnun og verkefni faghóps um leiðakerfi.

Í faghópnum sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, ríkinu, samtökum um bíllausan lífsstíl, SSH og Strætó. Markmið hópsins er að tryggja sameiginlega heildarsýn varðandi almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrsta verkefni hópsins verður að endurskoða leiðakerfi Strætó í tengslum við Borgarlínu.

Gert er ráð fyrir að faghópurinn skili fyrstu niðurstöðum að tillögum að breytingu á leiðakerfi í nóvember 2019.

#### 2. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi vinnu við stefnumótun Strætó.

Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að halda áfram með vinnuna í samræmi við umræður á fundinum.

#### 3. Vagnaútboð

Umræður um útboð á kaupum á vetnisvögnum sem stjórn samþykkt að fara í á fundi 1. febrúar sl.

#### 4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræða um framtíðarfyrirkomulag á akstursþjónustu fatlaðs fólks. Á fundi stjórnar SSH 8. apríl sl. var samþykkt að fela Strætó að hefja undirbúning á framlengingu á núverandi aksturssamningi vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk um allt að sex mánuði.

Jafnframt var samþykkt á fundi stjórnar SSH að setja á stofn vinnuhóp sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útboði ferðaþjónustu fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu. Í hópinn eru tilnefndir Haraldur

Sverrisson frá stjórn SSH, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Björg Fenger stjórnarformaður Strætó og Regína Ástvaldsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs Reykjavíkurborgar.

## 5. Markaðsmál – Grár dagur

---

Á fundi stjórnar 11. janúar 2019 var kynnt hugmyndin að markaðsátaki (grár dagur) til að kynna og auka notkun vistvænna samganga sérstaklega þegar loftmengun færi yfir ákveðin fyrirfram skilgreind heilsufarsmörk.

Mánudagurinn 8. apríl var svokallaður grár dagur. 150 þúsund frír dagpassar voru sendir út í appinu og samhliða var átakið auglýst á samfélagsmiðlum þar sem fólk var hvatt til að hvíla bílinn, ná í appið og nýta vistvænar samgöngur.

Markaðsátakið gekk vel, samkvæmt upplýsingum úr appinu fjölgaði notendum þess um 1.846 og notkun á appinu jókst töluvert. Meðalfjöldi sem notar appið á hverjum virkum degi er að meðaltali um 12 þúsund en fór upp 16 þúsund á þessum gráa degi og var dagpassinn opnaður af 5.410 notendum. Gera má ráð fyrir að amk. 11 þúsund ferðir hafi verið farnar á dagpassanum þann 8. apríl sl., þ.e. ef þeir sem opnuðu dagpassann notuðu hann að meðaltali 2 sinnum yfir daginn.

Stjórn er ánægð með hvernig til tókst og fagnar því hversu margir nýir notendur komu inn í appið.

## 6. Ársfundur Strætó 2019

---

Ársfundur Strætó sem átti að halda 4. apríl sl. var frestað. Fundurinn verður haldinn 7. maí nk. í Ráðhúsi Reykjavíkur á milli kl. 12 og 14.

Fundurinn verður auglýstur á samfélagsmiðlum, heimasíðu Strætó og í hefðbundnum fjölmiðlum.

## 7. Önnur mál

---

- a) Leiðakerfisbreytingar í Hafnarfirði, erindi frá Umhverfis- og framkvæmdaráði Hafnarfjarðar dags. 27. mars 2019. Stjórn samþykkir að vísa erindinu áfram til umfjöllunar í faghóp um leiðakerfi.
- b) Leiðakerfisbreytingar, erindi frá fulltrúa Seltjarnarness í stjórn Strætó, dags. 25. mars 2019. Stjórn samþykkir að óska eftir kostnaðarútreikningum á tillögunni og að vísa erindinu áfram til umfjöllunar í faghóp um leiðarkerfi.
- c) Umræður um stefnur frá tveimur rammisamningshöfum í akstursþjónustu fatlaðs fólks, frá því í febrúar 2019, sem telja að á sér hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar.
- d) Umræður um opin fund með hagsmunaaðilum sem haldinn var 28. mars sl. Á fundinum komu fram margar góðar ábendingar um það sem betur má fara. Stjórn lýsir yfir ánægju með fundinn og gerir ráð fyrir að haldnir verði fleiri sambærilegir fundir með farþegum og öðrum hagsmunaaðilum Strætó.

Fundi slitið: kl. 13:00

### Fylgiskjöl:

- Erindi umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar dags. 27. mars 2019
- Erindi frá Seltjarnarnesi, dags. 25. mars 2019

---

Björg Fenger

---

Hjálmar Sveinsson

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson